

Umhverfisstofnun
Áb. <u>70</u>
23 MARS 2004
<u>57.0</u>
Tilv. <u>UST20040300047</u>

Alþingi - Umhverfisstofnun
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environmental Agency of Iceland

Deild umhverfisráðs

240 Sýsluhúsið, Ísland

4000000 591 2010

1501-210 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

22. mars 2004

Tilvísun: UST20040300047/tb

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þskj. 893- 594. mál, ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.

Vísað er í bréf frá umhverfisstofnun Alþingis, dags. 2. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þskj. 893 - 594. mál, ernir hreindýr, stjórnsýsla o.fl.

Umhverfisstofnun vill að eftirfarandi komi fram um framangreint frumvarp:

1. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við 1. gr. frumvarpsins og telur að það sé til bóta að nota búsvæði í stað lífsvæði.
2. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við 2. gr. frumvarpsins en vísar í umfjöllun um 3. gr. þess.
3. Umhverfisstofnun fer með stjórn veiða á villtum fuglum og villtum spendýrum. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands meti ástand stofna villtra fugla og spendýra og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar. Samkvæmt 4. gr. e lið laga um Náttúrufræðistofnun Íslands skal stofnunin leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja o.s.frv. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur því ráðgefandi hlutverk á þessu sviði. Í greinargerð með 3. gr. frumvarpsins segir m.a. að Náttúrufræðistofnun Íslands beri að meta ástand villtra fugla- og spendýrastofna og gera tillögur til ráðherra um vernd og veiðipól.

Umhverfisstofnun telur eðlilegt að Náttúrufræðistofnun Íslands sem rannsóknastofnun meti ástand stofna dýra og hvort ástæða sé til að vernda þá sérstaklega eða hvort hún telji að þeir þoli veiðar. Umhverfisstofnun fer hins vegar með stjórn veiða og hefur því yfir að ráða bæði upplýsingum um ástand stofna, upplýsingar sem Náttúrufræðistofnun Íslands birtir, og upplýsingum um veiði og áhrif veiðinnar, þ.e. veiðipolið. Það hlýtur því að vera hlutverk Umhverfisstofnunar að meta veiðipól og veiðiálagið að gefnum þeim forsendum sem koma fram við grunnrannsóknir á ástandi einstakra dýrastofna. Stofnunin telur því að taka eigi orðið veiðipól út úr greinargerð þar sem að það á ekki við í þessu sambandi heldur sé átt við hvort stofn þoli veiðar eða ekki. Umhverfisstofnun bendir einnig á að stofnunin fer með

frankvæmd laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem stofnuninni er m.a. ætlað að meta náttúruverndargildi náttúru Íslands og koma með tillögur að vernd og vinna að friðlýsingum þ.m.t. lífvera og búsvæða.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun að það sé einnig hlutverk stofnunarinnar að meta hvort stofnar villtra fugla og spendýra þoli veiðar og að hve miklu leyti og leggur því til að 1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo: *Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, metur ástand þeirra og gerir í framhaldi tillögur til umhverfisráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Umhverfisráðherra skal einnig leita eftir tillögum Umhverfisstofnunar um vernd og veiðar á stofnun villtra fugla og spendýra sbr. m.a. lög um náttúruvernd.*

4. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við 4. gr. frumvarpsins.

5. Umhverfisstofnun telur til bóta að í 5. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir að 7. mgr. 7gr. laganna heimili bæði útrýmingu stofna og að hægt sé að aflétta friðun á stofnum dýra eða tegundum villtra dýra til að halda stofnum dýra niðri sem flust hafa til landsins af mannavöldum. Í ljósi laga um náttúruvernd og hlutverki Umhverfisstofnunar skv. þeim telur stofnunin hins vegar eðlilegt að hún geti komið með tillögur um þau atriði sem 7. mgr. 7. gr. laganna fjallar um. Umhverfisstofnun telur því að aftan við Náttúrufræðistofnun Íslands eigi að bæta við í báðum málslíðum 7. mgr. 7. gr. laganna „...eða Umhverfisstofnunar“.

6. Í 6. gr. a lið er lagðar til breytingar á 9. gr. laganna til að taka af vafa að hægt sé að nota eitur og svefnlyf til músa- og rottuveiða. Í greinargerð með 7. gr. er bent á að hagamýs eru friðaðar utan húsa manna, sjá 15. gr. laga nr. 64/1994. Umhverfisstofnun telur að einungis eigi að leyfa notkun á eitri og svefnlyfi við rottuveiðar og músaveiðar innan hús það er að ekki sé heimilt að nota eitur og svefnlyf til að veiða hagamýs úti í náttúrunni. Umhverfisstofnun leggur því til að breytingin orðist svo: *Eitur og svefnlyf, nema til rottuveiða og músaveiða innan hús.*

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við b lið 6. gr. en bendir á að í greinargerð með 6. gr. er starrinn sérstaklega nefndur sem fugl sem getur valdið verulegum ama. Rétt er í því sambandi að benda á að starrinn er friðaður og þarf því að aflétta friðuninni áður en veiðar eru leyfðar. Starrinn er því kannski ekki heppilegt dæmi í þessu sambandi.

7. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við 7. gr.

8. Umhverfisstofnun gerir ekki efnislega athugasemd við 8. gr. en bendir á hvort ekki sé betra að seinni málslíður d liðar orðist svo: *Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur um framkvæmd hreindýraveiða, m.a. um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.*

9. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við 9. gr.


10. Umhverfisstofnun telur að ráðherra eigi að geta kveðið á um aukna vernd ákveðinna friðaðra stofna að fenginni tillögu bæði frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnunar og vísar Umhverfisstofnun sérstaklega til hlutverks stofnunarinnar samkvæmt lögum um náttúruvernd sem greint er frá undir lið 3 og 5 hér að framan. Einnig vísar Umhverfisstofnun í almennt eftirlitshlutverk sitt bæði skv. lögum nr. 64/1994 og skv.

lögum um náttúruvernd. Að mati stofnunarinnar væri það óeðlilegt að stofnun sem falið er eftirlitshlutverk með vernd geti ekki gert tillögur um aukna vernd skv. þessum kafla. Eðli málsins samkvæmt getur Umhverfisstofnun einmitt verið sá aðili sem fyrstur uppgötvar ef vankantar eru á ákveðnum þáttum í framkvæmd verndar ákveðinna dýrategunda.


Vegna undanþáguheimilda samkvæmt a og b lið 10. greinar frumvarpsins (18. og 19. gr. laganna) er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti veitt heimild fyrir myndatöku og rannsóknnum bæði fyrir 18. og 19. gr. laganna, þ.e. kafla VII. Í 2. mgr. b liðar er það hins vegar umhverfisráðuneytið, að undangenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem getur veitt undanþágu frá banni í 1. mgr. þess liðar (19. gr. laganna) og er slík undanþáguheimild endurtekin í 5. mgr. og gildir nú bæði fyrir 1. mgr. og 3. mgr. b liðar (19. gr. laganna). Í 6. mgr. er síðan að finna undanþáguheimild fyrir Umhverfisstofnun sem gildir nú fyrir myndatöku og rannsóknir vegna 1. mgr. b liðar 10. gr. (19. gr. laganna um erni).

Í greinargerð með 10. gr. eru undanþágur til handa ferðapjónustu sérstaklega tilgreindar sem verandi á hendi umhverfisráðuneytisins en myndataka og rannsóknir á ábyrgð Umhverfisstofnunar. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvers vegna þessi háttur er hafður á en Umhverfisstofnun á að vera í stakk búinn til að meta hvort heppilegt sé að veita undanþágur vegna hvorutveggja og væri það einnig til einföldunar á framkvæmd laganna.

Virðingarfyllst,



Trausti Baldursson



Áki Ármann Jónsson